

80. Stjórnarfundur Fenúr.

29. september 2005

Mætt:

Elías Ólafsson

Úlfar Haraldsson

Ragna Halldórsdóttir

Guðmundur Tr. Ólafsson

Staður og stund; Súðarvogur, kl. 15:00

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð nr. 79 samþykkt.

2. Samantekt vegna haustferðar Fenúr til Bretlands

Hagnaður af ferðinni var u.þ.b. 270 þ.kr.

Rögnu og Gyðu var falið að gera skýrslu um ferðina sem verður sett á fenur.is.

Úrdráttur úr skýrslunni verður svo birtur í fréttabréfi Fenúr.

Almenn ánægja var með ferðina þótti hún fróðleg og heppnast vel í alla staði.

3. Bréf til ráðherra vegna aðalfundar ISWA

Ekki hafa borist svör frá Umhverfisstofnun vegna styrkumsóknar Fenúr vegna aðalfundar ISWA í Argentínu.

4. Málþing Úrvinnslusjóðs í nóvember

Úrvinnslusjóður hefur óskað eftir samstarfi við Fenúr um undirbúning að málþingi sem haldið verður í nóvember. Fenúr er tilbúið til samstarfs.

Næsti fundur ákveðinn 27. október kl. 15:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:45

...gto